

Áhrif ADHD á skólagöngu og námsárangur

Algengt er að ADHD einkenni hjá börnum valdi þeim meiri vanda í grunnskólanum en við aðrar aðstæður. Hamlandi áhrif röskunarinnar geta komið fram á hinum ýmsu sviðum skólastarfsins, í námi, hegðun og félagslegum samskiptum. Hér fyrir neðan er listi yfir þau atriði eða aðstæður sem algengast er að börn með ADHD eigi í erfiðleikum með.

Mikilvægt er að hafa hugfast að hvert og eitt skólabarn hefur einstaklingsbundnar námsþarfir. Því er mismunandi hvort eða að hve miklu leyti eftirfarandi þættir valda þeim erfiðleikum.

- Skipulag og námstækni.
- Skipulagning skammtímaverkefna.
- Skipulagning verkefna og viðfangsefna til lengri tíma.
- Ýmis konar truflandi, frökk, ruddaleg og/eða pirrandi hegðun sem leiðir til neikvæðrar athygli og viðbragða frá bekkjarfélögum, kennurum og öðru starfsfólki skólans.
- Félagssfærni og jafnaldrasamskipti (hæfni til að vinna vel í hópum og koma almennt vel saman við önnur börn í leik og starfi).
- Að ljúka tímaverkefnum á viðunandi og aldurssvarandi hátt.
- Að ljúka heimaverkefnum (skila á réttum tíma og uppfylla eðlilegar kröfur fyrir bekk og aldur).
- Að hlusta og fylgja fyrirmælum
- Að fylgja bekkjar- og skólareglum.
- Þátttaka, samvinna og virkni í bekkjarverkefnum.
- Að vinna sjálfstætt (borðvinna).
- Að vera undirbúinn fyrir skóla- og heimaverkefni (hafa gögn tiltæk).
- Að geta tekist á við eðlilegt, daglegt álag eða mótlæti.
- Tímaskyn og tímastjórnun.
- Lélegt sjálfsmat eða ónógt sjálfstraust.
- Að byggja upp og viðhalda vinatengslum.
- Skrifleg tjáningargeta.
- Skrift og fínhyfifærni.
- Stafsetning.
- Að yfirfara og fínþússa skrifleg verkefni.
- Að taka glósur.
- Próf.
- Lestrarskilningur.
- Lestrarfærni.
- Reikningur og stærðfræðiskilningur.
- Heyrnærnn skilningur.
- Skammtímaminni.
- Reiðistjórnun.
- Vandamálalausn (að finna lausnir til að leysa verkefni, þrautir eða ágreining).

Sem betur fer eru margar leiðir og hagnýt ráð sem kennarar og foreldrar geta notað til að hjálpa börnum að byggja upp hæfni á þessum sviðum og bæta skólafærni sína og námsárangur.